

Dags.: 15. mars 2022

Efni: Umsögn vegna „Fiskeldisstefnu“ sem hluti stefnumótunar matvælaframleiðslu

Umsögn undirritaðs snýr að þeim þætti stefnumótunar matvælaframleiðslu sem snýr að því sem skilgreint er „Fiskeldisstefna“.

Eldisstefna

Mikilvægt er að horfa til heildstæðrar stefnumótunar fyrir „eldi“ (e. "aquaculture") sem formlega hefur verið skilgreint sem „lagareldi“, en þó ekki náð almennri notkun á Íslandi. Fiskeldi hefur því miður oft ranglega verið notað sem íslensk þýðing á enska heitinu „aquaculture“ sem á við á um eldi eða rækt í vatni eða sjó og nær yfir lífverur fisks, skeldýra og þörungna.

Heildstæð eldisstefna getur því tengst bæði sértækum tegundum lífvera og/eða samrækt þeirra í sjó og/eða vatni. Mikilvægt er að í slíkri stefnu séu markmið mælanleg og tímasett.

Möguleikar að verða leiðandi í umhverfisvænu eldi

Vegna náttúruauðlinda á Íslandi með aðgang að heilnæmu vatni og sjó, jarðvarma og grænni raforku höfum við einstaka möguleika til þess að geta orðið leiðandi á heimsvísu í umhverfisvænni eldisframleiðslu og sjálfbærri framleiðslu matvæla. Á sama hátt hefur landið líka möguleika að verða leiðandi í nýsköpun og eldisþróun sem er aðlöguð þessum náttúruauðlindum. Hægt er að nefna sem dæmi möguleikann að nýta jarðvarma og græna raforku í eldi á verðmætum hlýsjávarategundum sem öllu jafna er ekki að finna á norðurhveli jarðar.

Samfélagsáhrif

Helstu alþjóðlegar umhverfisvottanir gera ríka kröfu til samfélagsþátta í stöðlum sínum sem gott er að líta til við gerð eldisstefnu. Þetta á einnig við þegar kemur að samfélagshluta uppbyggingar eldisstarfsemi sem m.a. tengist innviðauppbyggingu, áhrif á aðrar atvinnugreinar, gjaldtöku og fleira.

Umhverfisþættir

Hingað til hefur margt í lagaumgjörð, eftirliti og gjaldtöku fiskeldis miðast við almennan sjávarútveg. Sjálf ræktin er miklu meira skyld búskap eða „fiskirækt“, á ensku „fish farming“ eldisbænda.

Það gæti verið skynsamlegt að horfa meira til umhverfisáhrifa eldisstarfsemi þegar kemur að mati á möguleika eldisframleiðslu heldur en magni (öll leyfi í dag miðuð við tonn). Frændur okkar í Færeyjum eru með gott kerfi „umhverfisljósa“ sem hægt væri að líta til. Þeirgeta aukið eldi á svæðum sem eru skilgreind sem „græn“ vegna umhverfisáhrifa, gæta varúðar á „gulu“ og draga úr við „rauð“ skilgreind umhverfisáhrif.

Menntun og fræðsla

Í stjórnarsáttmálanum stendur: „Skipulag náms sem tengist matvælaframleiðslu á framhalds- og háskólastigi verður endurskoðað með það að markmiði að styrkja bæði menntun og rannsóknir.“ Erum nú þegar með menntastofnanir sem þarf að hlúa að þegar kemur að námi í mest vaxandi atvinnuvegi hér á landi sem á síðasta ári nam í útflutningsverðmætum rúmlega

12% af verðmætum sjávarafurða og rúmlega 5% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Bæta má fræðslu í menntastofnunum í grunn- og menntaskóla, sem og á háskólastigi þar sem ekki hefur mikið verið um gerð námsefnis eða námskeiða í eldistengdum greinum. Fræðslan þarf líka að vera aðgengileg almenningi sem og starfsfólki í eldisgeiranum í gegnum aukna endurmenntun. Fræðsla er grunnur til að efla vitund um þessa sjálfbæru umhverfissvænu aðferð til framleiðslu dýraafurða sem og til að efla nýsköpun í atvinnugreininni.

Nýsköpun og rannsóknir

Mikilvægt er að gæta að nýsköpun í uppbyggingu eldisstarfseminni og á það við alla þætti hennar frá klaki til endanlegrar vöru. Eldisleyfi og í sumum tilvikum eftirlitskostnaður hefur verið hindrun ýmsum frumkvöðlum til nýsköpunar í eldi. Í þeim tilvikum þar sem reglugerðir og/eða lagamma vantar á sviði nýsköpunar s.s. um þörungaráækt væri skynsamlegt að styðja við tilraunaeldi og gæta að því að auðvelda rannsóknarleyfi sem og veita frumkvöðlum stuðning til nýsköpunar. Gæti verið skynsamlegt að styðja við sértæka nýsköpunarmiðstöð sem hjálpaði frumkvöðlum og sprotafélögum til eflingar á uppbyggingu eldisstarfsemi hér á landi.

Eldisleyfisferli

Það vantar að bæta fyrirsjáanleika og mögulega einfalda eldisleyfaferli sem og að fylgja eftir og setja tímasett markmið á mismunandi skref sem og lokaútgáfu eldisleyfa. Hægt er að líta til nágrannaþjóða þegar kemur að uppsetningu eldisleyfaferla. Þó þarf að gæta að því að umhverfisskilyrði hér við land eru ekki þau sömu og annarsstaðar. Í landeldi er aðgengi og nýting á vatni og sjó sem og veðurskilyrði mjög ólík því sem þekkest annarsstaðar. Það sama á við um sjóeldi þar sem umhverfisaðstæður eru ólíkar sem t.d. takmarkar möguleika miðað við núverandi tækni til útsetninga lífvera til sjóeldis.

Alþjóðleg markmið sjálfbærrar matvælaframleiðslu

Huga þarf að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem og þeirrar stefnu sem sett hefur verið hjá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) við gerð eldisstefnunnar.

Gjaldtaka

Hér þarf að taka mið af ýmsum þáttum og líkt og komið var að hér að ofan ekki endilega rétt að miða gjaldtöku við fiskveiði („aflagjöld“) eða magnstærð eldisleyfa („umhverfissjóður“) án tilliti til nýtingar. Tel hér persónulega betra að líta til auðlindagjalda sem snúa að nýtingu auðlindanna t.d. nokkurskonar „fasteignagjöld“ af nýtingu svæða/auðlinda þar sem eldi er stundað. Magn og/eða verðmæti afurða gæti verið leið til að mynda gjaldstofn og þá hagur bæði hins opinbera sem og eldisfyrirtækja að hámarka verðmæti matvælaframleiðslunnar. Gæta þarf að því að leyfa tímabil þar sem ekki er skattlagt eða haldið í lágmarki til þess að efla nýsköpun og almennt þarf að gæta að því að eldismatvæli þurfa að vera samkeppnishæf á alþjóða markaði.

Hvaða leið sem valinn er þá skiptir máli að hún sé gegnsæ, gjaldstofn einfaldur og afrakstur gjaldsins verði að sem mestu leyti nýttur til innviðauppbyggingar í þeirra samfélaga þar sem eldisframleiðslan er staðsett, sem og til fræðslu, rannsókna, nýsköpunar og eftirlits.

Markaðssetning eldisafurða með íslenskum uppruna

Mikilvægt að huga að sérstöðu eldisframleiðslu á Íslandi og styðja undir markaðssetningu afurða á alþjóða markaði.

Umhverfisvæn matvælaframleiðsla

Samkvæmt ofangreindu hefur matvælalandið Ísland mikil tækifæri til frekari sóknar með eldisstefnu umhverfisvænnar sjálfbærar matvælaframleiðslu.

Með frekari fræðslu og nýsköpun innan greinarinnar höfum við mörg góð tækifæri með okkar auðlindir til þess að verða leiðandi á heimsvísu í ræktun matvæla í sjó og vatni.

Þess má geta að stórbörungar (þang og þari) eru þær lífverur sem binda mest af koltvíoxíði á heimsvísu og með aukinni áherslu á ræktun á þara í sjó mætti samhliða öðru eldi mætti ná kolefnishlutlausri matvælaframleiðslu. Slíkt væri einstætt á heimsvísu og gæti orðið eitt af markmiðum sem vert væri að skoða við gerð eldisstefnunnar.

Sé þess óskað getur undirritaður veitt frekari skýringar á meðfylgjandi umsögn sem er á sviði sem ég hef aflað mér bæði menntunar og reynslu.

Reykjavík 15. mars 2022

Virðingarfyllst,



Sigurður Pétursson

Stofnandi Lax-Inn fræðslu- og nýsköpunarmiðstöðvar